



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 12. ágúst 2025

MSS25010164

MINNISBLAÐ

Varðandi tillögu ungmennaráðs Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða um húsnæði félagsmiðstöðva samræmist viðmiðum og stefnum Reykjavíkurborgar

Á árlegum fundi ungmenna með borgarstjórn 28. janúar 2025 var lögð fram tillaga ungmennaráðs Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða um að húsnæði félagsmiðstöðva samræmist viðmiðum og stefnu Reykjavíkurborgar. Ísgerður Esja Nóadóttir, flutti tillöguna sem á fundinum var vísað til nánari umfjöllunar í skóla- og frístundaráði.

Tillagan var eftirfarandi:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundaráði að beita sér fyrir því að allar félagsmiðstöðvar hafi til umráða húsnæði og búnað til að halda úti faglegu félagsmiðstöðvastarfi í samræmi við viðmið og stefnur Reykjavíkurborgar eigi síðar en haustið 2028.

Greinargerð fylgdi tillögunni:

Ungmennaráð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða leggur til að hver félagsmiðstöð hafi húsnæði til að taka á móti allavega helmingi nemenda á unglingastigi og miðstigi skólans á sama tíma. Við leggjum þetta til því húsnæði sumra félagsmiðstöðva er komið að þolmörkum og margir unglingar velja að mæta ekki á opnanir vegna þrengsla og of mikils áreitiss og hávaða. Það þarf að tryggja það að félagsmiðstöðvar hafi í það minnsta tvö til þrjú góð rými til umráða sem uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í faglegu starfi félagsmiðstöðva og grunnbúnað til að gæta jafnræðis þvert á hverfi borgarinnar.

Umsögn skóla- og frístundasviðs:

Í [Stefnu Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf](#) er lögð áhersla á að byggingar fyrir starfið séu fjöl- og samnýttar og að sem flest rými nýtist frá morgni til kvölds alla daga. Talið er mikilvægt að hafa í huga hvernig afmarka megir notkun húsnæðis þegar svo mikil áhersla er lögð á samnýtingu. Almennt á að vera fjölbreytni og sveigjanleiki í rýmum byggingarinnar, mótun þeirra og hönnun. Það á einnig að vera möguleiki á því að hólfa rými af og loka þannig að hægt sé að vera í næði og ró og skapa öruggt umhverfi. Byggingin/byggingarnar og útisvæði skulu mynda heild sem þrátt fyrir ólík hlutverk tengjast vel. Tryggja þarf að aðlaga megir bygginguna að breytilegum þörfum og breyttum áherslum í skóla- og frístundastarfi í nútíð og framtíð.



Reykjavík



Gátlisti um skipulag húsnæðis og efnivið félagsmiðstöðva sem fylgir Viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum frístundastarfs gerir ráð fyrir að félagsmiðstöðvar hafi afmarkað sérrými sem eru 30-40 m², tómstundaherbergi 10-20 m² og starfsmannaaðstöðu og skrifstofu fyrir starfsfólk 25-30 m². Sérrými ætti því alltaf að vera á bilinu 65-90 m². Félagsmiðstöð hafi jafnframt aðgang að anddyri, eldhúsi, fjölnota sal, íþróttasal, smiðjuherbergi, fundarherbergi/nemendaráðsherbergi, salerni, geymslum og góðu útisvæði. Gert er ráð fyrir að félagsmiðstöð hafi, eftir skólatíma, í heild aðgang að 4 m² á barn hverju sinni (12 m² þegar um fötluð börn er að ræða). Rými sem ekki er stúkað niður (sbr. íþróttasalur) telst þó aldrei meira en 96 m². Gátlistinn gerir ráð fyrir að félagsmiðstöðvar hafi til umráða að minnsta kosti tvo til þrjú góð rými sem uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í faglegu starfi félagsmiðstöðva og grunnbúnað til að gæta jafnræðis á milli félagsmiðstöðva eins og verið er að leggja áherslu á í tillögu ungmennanna.

Í kjölfar tillögunnar voru sendar spurningar til forstöðumanna félagsmiðstöðva Reykjavíkurborgar með spurningarvagni í maí 2025. Svör bárust frá öllum félagsmiðstöðvum nema einni. Allar félagsmiðstöðvarnar sem svöruðu, fyrir utan eina sem tilheyrir frístundamiðstöðinni Brúnni, hafa sérrými til afnota. Sérrýmin eru mjög misstór, allt frá 24 m² upp í 600 m². Sautján almennar félagsmiðstöðvar hafa síðan aðgang að öðrum rýmum en sérrými, en fjórar hafa ekki aðgang að neinum öðrum rýmum. Ein sértæk félagsmiðstöð hefur aðgang að öðrum rýmum en sérrými og þrjár þeirra hafa ekki aðgang að öðrum rýmum (enda eru þær staðsettar í sérrýmum utan skólabygginga). Jafn margar almennar félagsmiðstöðvar, eða tíu talsins, segjast eiga mjög eða frekar erfitt með að taka á móti helming nemenda í unglingadeild á sama tíma í starfinu (einni opnun) eins og þær sem segjast eiga mjög eða frekar auðvelt með það. Ein félagsmiðstöð á hvorki auðvelt né erfitt með að taka á móti helming unglingadeildar. En þegar kemur að miðstiginu, þá eru það sjö félagsmiðstöðvar sem segjast eiga mjög eða frekar auðvelt með að taka á móti helmingi nemenda á þeim aldri, en tólf segjast eiga mjög eða frekar erfitt með það.

Af þeim sem svöruðu eru þrjár félagsmiðstöðvar með undir 65 m² sem sérrými. Þetta eru Flógyn við Klébergsskóla, Hundrað&ellefu sem þjónustar Hólabrekku- og Fellaskóla og 105 við Háteigsskóla. Flógyn er vissulega í litlum skóla (40 nemendur í unglingadeild og 42 á miðstigi) og því erfitt að bera aðstæður þar saman við félagsmiðstöðvar í stærri skólum, en þó mætti skoða hvort stækka ætti sérrými félagsmiðstöðvarinnar þar sem það er undir þeim viðmiðum sem gilda um sérrými. Félagsmiðstöðin Hundrað&ellefu hefur verið í húsnæðisvanda eftir að upp komu rakaskemmdir og mygla í húsnæði félagsmiðstöðvarinnar við Gerðuberg 1. Til stendur að færa félagsmiðstöðina á neðri hæð menningarmiðstöðvarinnar í Gerðubergi 3-5 frá og með hausti 2025 en húsnæðið verður aðlagð að starfsemi félagsmiðstöðvarinnar. Félagsmiðstöðin 105 hefur lítið sérrými til afnota og því felast sóknarfæri í að bæta þar úr.

Tíu félagsmiðstöðvar segjast eiga frekar eða mjög erfitt með að taka á móti helmingi nemenda í unglingadeild á sama tíma og 12 félagsmiðstöðvar segjast eiga frekar eða





mjög erfitt með að taka á móti helmingi nemenda á miðstigi á sama tíma. Ef fara ætti eftir þessum viðmiðum, eins og tillagan gengur út á, þá þyrfti að bregðast við þessari stöðu og kanna möguleika á að þessar félagsmiðstöðvar hafi stærra rými til afnota.

Út frá spurningavagninum er erfitt að sjá hversu margar félagsmiðstöðvar eru að uppfylla viðmið um húsnæði félagsmiðstöðva út frá gátlistanum um húsnæði, varðandi samnýtt rými.

Í [Reglum um nýtingu húsnæðis starfsstaða skóla- og frístundasviðs](#) sem samþykktar voru í desember 2024 er gert ráð fyrir að félagsmiðstöðvar geti verið fyrsti notandi af tilteknu húsnæði. Fyrsti notandi verður með afnotasamning við fjármálaskrifstofu SFS um tiltekið húsnæði og ræður mestu um umgengnisvenjur og frágang þess hluta. Starfsstaðir sviðsins sem ekki teljast til fyrsta notenda geta verið annar notandi af hluta af húsnæði fyrsta notanda. Fyrsti notandi og annar notandi gera samning sín á milli og fyrsti notandi getur þá ekki nýtt rýmið á þeim tíma sem samið eru um, án samráðs við annan notanda. Markmið reglnanna er að tryggja öllum starfsstöðum skóla- og frístundasviðs viðunandi húsnæði með samnýtingu í huga.

Í þeirri samningsgerð sem framundan er í kjölfar samþykktar reglna um nýtingu húsnæðis starfsstaða skóla- og frístundasviðs verður leitast við að horfa til gátlistans um húsnæði og efnivið félagsmiðstöðva. Einnig fögnum við framangreindri tillöguGott er að í greinargerð með tillögu frá Reykjavíkurráði ungmenna kemur fram að það eigi að vera hægt að taka á móti a.m.k. helmingi nemenda í einu, hvort sem er á unglinga- eða miðstigi. Lagt er til að það verði haft sem viðmið í samningagerð milli notenda húsnæðis og þannig tryggt nægilegt rými til að helmingur nemenda geti mætt í félagsmiðstöðina á sama tíma. Haustið 2025 á einnig að ljúka við gerð viðmiða fyrir byggingar og lóðir grunnskóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva þar sem allt ofangreint verður haft til hliðsjónar.

